

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. maí 2013
Tilvísun: UST20130500061/bs

Breyting á legu Prestbakkalínu 1 á Skeiðarársandi og Breiðamerkursandi. Fyrirspurn um matsskyldu. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmds skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er annars vegar um að ræða breytingar á legu Prestbakkalínu á um 3,1 km löngum kafla um Gígjukvísl. Þetta er gert vegna aukins rennslis í ánni. Hins vegar breyting á legu línunnar á 2,5 km löngum kafla á Breiðamerkursandi við Jökulsárlón. Þetta er gert vegna landbrots.

Við Gígjukvísl verður línán færð um 0-300 m til norðurs að Hringvegi 1. Á


Breiðamerkursandi mun línán þvera Hringveg 1 tvisvar sinnum og liggja á kafla norðan Hringvegjar, en mun færast aftur suður fyrir veginn með síðari þveruninni.


Nýjar staurastæður vera sambærilegar þeim sem fyrir eru í Prestbakkalínu 1.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði aukin sjónræn áhrif vegna færslu línunnar nær Hringvegi 1. Núverandi lína er á löngum köflum sýnileg frá Hringvegi 1 þannig að umrædd færsla línunnar mun að líkindum hafa óveruleg neikvæð sjónræn áhrif í för með sér, nema ef vera skyldi stuttur kafla á Breiðamerkursandi þar sem línán mun liggja norðan Hringvegjar 1.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædda framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur